

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Aftan við 1. málsg. 14. gr. eins og henni var breytt með 1. gr. reglugerðar nr. 231/1984 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Heimilt er að semja um aðra sjálfsábyrgð tjóna, allt að tvöfalt hærri fyrir ábyrgðartjón og allt að fimmfalt hærri fyrir munatjón, enda verði tekið tillit til þess við ákvörðun iðgjalds.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1993.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í janúarmánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í janúarmánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið . . . . . Útborgun 8,3%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í desembermánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. desember 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*